



Það hægir á neysluaukningu erlendra ferðamanna


Neyslumynstur erlendra ferðamanna breyttist mikið eftir að faraldurinn skall á. Þannig hafa ferðamenn að meðaltali eytt töluvert meira í sínum eigin gjaldmiðli í Íslandsferðinni en fyrir faraldur. Að einhverju leyti endurspeglar þetta breytta samsetningu ferðamanna sem hingað koma og er ef til vill vísbending um að hingað hafi komið efnaðri ferðamenn eftir faraldur. Aukin neysla skýrist þó einnig að töluverðu leyti af aukinni dvalarlengd. Samfara minni takmörkunum á ferðalög hefur fjöldi erlendra ferðamanna aukist á síðustu misserum og hefur meðalneysla á hvern ferðamann minnkað frá því sem var þegar mest lét. Þetta er vísbending í þá átt að samsetning ferðamanna sé aftur að færast nær því sem var fyrir faraldur.

Sé horft á kortaveltu 17 mikilvægustu viðskiptavina íslenskrar ferðapjónustu eftir þjóðerni nam hún 100,1 ma.kr. á síðasta ári. Fjöldi erlendra ferðamanna sem hingað kom á síðasta ári nam 567 þúsund sé einungis horft til þessara 17 þjóða. Neysla á hvern ferðamann nam því 176,5 þúsund krónum að meðaltali. Til samanburðar var þessi upphæð 146 þúsund árið 2020 og 131 þúsund árið 2019, síðasta heila ár fyrir faraldur. Neysla þeirra var því ríflega þriðjungur meiri í fyrra en fyrir faraldur. Flestar þjóðir eyddu meiru í fyrra en af þessum 17 þjóðum juku 13 neyslu sína milli ára. Mesta neysluaukningin var hjá Svisslendinum en neysla þeirra mæld í þeirra eigin mynt jókst um 216% milli ára. Þar á eftir komu Finnar með 159% aukningu. Síðan komu Kanadamenn með 105% og Norðmenn með 104%. Neysluaukning Bandaríkjamanna var 39% og 31% hjá Bretum. Aukningin hjá Þjóðverjum var 26%.

Svisslendingar halda áfram að eyða mestu

Sé horft á neyslu ferðamanna eftir þjóðerni sést að Svisslendingar eru með mestu neysluna, eða tæplega 424 þúsund krónur á ferðamann á síðasta ári. Þar á eftir koma Norðmenn með 304 þúsund krónur. Síðan koma Finnar með 259 þúsund og Kanadamenn með 247 þúsund krónur. Neysla Svisslendinga hefur ávallt skorið sig nokkuð frá neyslu annarra þjóða og má rekja mikla neyslu Svisslendinga að miklu leyti til dvalarlengdar þeirra en þeir dvelja hér lengst allra þjóða. Sé litið til


Breyting meðalneyslu ferðamanna milli 2019 og 2021



Breyting í veltu á föstu gengi á hvern ferðamann. Breyting milli 2019 og 2021.

Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar

Kortavelta á ferðamann 2021



Heimild: Hagfræðideild, Rannsóknarsetur verslunarinnar



neyslunnar þar sem hún er minnst koma Pólverjar með einungis tæplega 20 þúsund á hvern ferðamann. Þessi óvenjulega litla neysla skýrist að nokkru leyti af því að margir þessara Pólverja sem taldir eru sem ferðamenn inn í landið er fólk sem er í rauninni búsett hér á landi. Neysla Kínverja kemur síðan næst á eftir en hún nemur 46 þúsund krónum. Þar á eftir koma Japanir og Svíar með 102 þúsund á ferðamann.


Aukin neysla skýrist að hluta til af lengri dvöl

Aukna neyslu erlendra ferðamanna eftir faraldur má skýra að töluverðu leyti með aukinni dvalarlengd, sem má síðan aftur að einhverju leyti skýra með minni möguleikum fólks til að ferðast. Vegna ferðabanna, samgöngutakmarkana og ýmissa takmarkana á ferðalög til margra landa má ætla að fólk hafi farið í færri ferðalög en í meðalári. Til þess að drýgja ferðalögin hafi því verið gíst lengur á hverjum stað.

Hratt dregur úr aukningu neyslunnar


Þó að neyslan á hvern ferðamann á síðasta ári, mælt í erlendri mynt, hafi verið umtalsvert meiri en árið 2019 ber þó að líta til þess að þróunin yfir árið var æði misjöfn. Þannig var neyslan töluvert mikið meiri á fyrri árhelmingi en á sama tímabili 2019. Sé litið til aukningarinnar eftir mánuðum og borið saman við sömu mánuði árið 2019 lá aukningin á bilinu 58-344%. Á seinni árhelmingi var allt önnur staða en þá var aukningin á bilinu 12-48%. Hún var mest í júl en minnst í desember og er þetta nokkuð skýr vísbending um að neysla hvers ferðamanns sé að færast nær því sem var fyrir faraldur. Það kann því að fara svo að neysla ferðamanna fari aftur í svipað far og fyrir faraldur þegar ferðalög verða aftur með eðlilegum hætti.

Verzlun sem hlutfall af heildarverzlun hvers árs



Heimild: Hagfræðideild, Rannsóknarsetur verzlunarinnar

Breyting í neyslu á ferðamann milli 2019 og 2021



Breyting frá samsvarandi mánuði 2019 mælt á föstu gengi. Heimild: Hagfræðideild, Rannsóknarsetur verzlunarinnar

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.